

Fundurinn var haldinn í Klettaskóla kl. 11:30-12:30

Mættir voru: Sigurður Hólmar Jóhannesson, foreldrafulltrúi, Árni Elvar Hafsteinsson úr 10. bekk fulltrúi nemenda Klettaskóla, Hrefna Pedersen og Björn Eiríksson fulltrúar fagmanna og Sölvi Már Thorarensen fulltrúi almennra starfsmanna í Klettaskóla og Erla Gunnarsdóttir skólastjóri Klettaskóla. Lára Jónsdóttir foreldrafulltrúi boðaði forföll vegna veikinda.

1. Erla vekur athygli á að á heimasíðu skólans er flípi fyrir skólaráð. Þar eru settar inn fundargerðir skólaráðsfunda. Einnig er flípi fyrir foreldrafélagið og þar getur foreldrafélagið sett inn efni, s.s. auglýsingar um fundi, skemmtanir og fleira.
2. Dagskrá félagsmálanefndar Klettaskóla
Á síðasta skólaráðsfundi óskuðu foreldrafulltrúar eftir að fá upplýsingar um dagskrá félagsmálanefndar. Erla hefur sent dagskrá félagsmálanefndar til foreldrafélagsins og félagsmiðstöðvarinnar Öskju.
3. Viðbygging
Áform eru um að byggt verði við skólann og einnig verði endurnýjað töluvert annað af húsnæði skólans. Nágrannar hafa kært áform um viðbyggingu. Spurt var hvort hægt væri að sjá kærana. Borgin er með málin í hefðbundnu skipulagsferli.
Skólaráðsfulltrúar hafa miklar áhyggjur af því að kæra tefji byggingarframkvæmdir en vonast til að hægt verði að hefja framkvæmdir hið fyrsta. Það liggur mjög mikið á að fá sundlaug við skólann, einnig íþróttasal – og fleiri úrbætur sem munu gjörbreyta aðstöðu, námstilboði og lífi nemenda. Nú eru mikil þrengsli alls staðar, mest á yngsta stiginu og vantar pláss fyrir hjálpartæki. Gangar þurfa að vera breiðari. Eftir að byggingu viðbyggingar lýkur verður skólalóðin tekin í gegn. Foreldri spurði hvort foreldrafélagið geti sent frá sér bréf varðandi viðbyggingarmálin til að reyna að hafa áhrif á upphaf framkvæmda.
Rætt var um öryggismál í skólahúsi. Það þarf að æfa viðbrögð við t.d. bruna. Rýmingaráætlun er til að en hana þarf að æfa. Einnig þarf að vera hægt að grípa teppi á leiðinni út til afnota fyrir nemendur.
Það þarf að undirbúa öryggisviku, hafa samband við ráðgjafa brunavarna. Hugmynd hefur komið upp að byggja svalir út af hæðinni á yngsta stiginu til að bæta við rýmingarleið af yngsta stigi.
4. Búnaður
Nýlega eignaðist skólinn 3 iPad spjaldtölvur. Á næstunni úthlutar borgin fjármagni til skólanna í Reykjavík til kaupa á tölvum. Klettaskóli á þar von á úthlutun en ekki er ljóst hvenær það verður eða hversu mikið.
Keyptar hafa verið tvær gagnvirkar töflur.
Klettaskóli hefur sótt um styrk til Sunnusjóðs til kaupa á rofum, rofatengingum og rofatengdum námsgögnum.

Klettaskóli fær á næstunni 3 rólur í gegnum ferlinefnd. Þessar rólur eru hreiðurróla, hjólastólaróla (sú fyrsta hér á landi) og lokuð róla. Einnig ætlar ferlinefnd að kosta bekk inn á strákasalernið.

5. Þátttökubekkur

Það hefur gengið mjög vel að vinna með Árbæjarskóla. Ekki er fullt í þetta úrræði. Áætlun fræðsluyfirvalda er að starfandi verða fjórir þátttökubekkir í Reykjavík, stofnaðir á 2ja ára fresti (2013,2015,2017,2019). Foreldrafulltrúi gerir athugasemd við orðið þátttökubekkur, finnst athugandi að breyta því. Þorsteinn skólastjóri Árbæjarskóla hefur notað „Skóli í skóla“, skólaráð var hrifið af því orði.

6. Heildarmat

Klettaskóli var saumfarin af matsteymi frá SFS. Niðurstöður fara að detta inn. Matið er umbótamiðað.

7. Mentor

Ósk kom fram á síðasta skólaráðsfundi Klettaskóla um að mentor væri notaður meira en nú er – s.s. ítarlegri stundatöflu, skráningar í dagbók. Athuga betur útfærslu og óskir hjá Láru. Ath. með heimanám.

8. Næsta skólaár - 2014-2015

Nokkrir foreldrar hafa heimsótt skólann til að athuga hvort skólinn henti fyrir sín börn næsta skólaár.

Verið er að athuga hverjir af starfsfólki skólans óska eftir að halda áfram næsta vetur. Athugun hjá okkur varðandi húsnæðið og hvernig hyggilegast er að raða árgöngum í kennslustofur.

Byrjað er að skipuleggja skólaárið og setja niður skóladagatalið.

Önnur mál

- Fyrirspurn kom frá nemenda um hvort hægt sé að eignast peysur með nafni skólans. Það verður athugað hjá foreldrafélaginu hvort áhugi er á því.
- Vorhátíð. Árni í 10. bekk og Steini starfsmaður skólans eru að undirbúa atriði.
- Spurt var um upphitun á lóðinni. Aðeins er upphitað norðan við húsið, væntanlega verða fleiri svæði með upphitun þegar lóðin verður endurgerð.
- Erla skólastjóri fer í aðgerð á fæti í mars/apríl og verður frá nokkrar vikur, Guðrún Gunnarsdóttir, aðstoðarskólastjóri gegnir starfi hennar á meðan.

Ákveðið að næsti skólaráðsfundur verði 23. apríl

Fundi slitið kl. 12:30

Fundarritari: Guðrún Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri Klettaskóla